

Stutt kennsluáætlun í 10.bekk

Danska í 10. bekk. - 4 kennslustundir stundir á viku

Í dönsku er lögð áhersla á að nemendur lesi sem mest og vinni með þann texta sem þeir lesa. Hugmyndin er að með þessu móti upplifi nemandinn formgerð tungumálsins og auki og bæti orðaforða og færni í málnotkun. Einnig er lögð áhersla á að æfa og þjálfra framburð. Kennslan byggir á vinnu með alla færniþættina. Lögð er áhersla á að töluð sé danska í kennslustundum. Nemendur vinna með sama orðaforðann á fjölbreyttan hátt og ná þannig betri tökum á málinu. Lögð er áhersla á fjölbreyttar námsleiðir. Gefin er út nákvæm áætlun á hverri önn þar sem markmið, leiðir og námsmat er útfært nánar auk viðfangsefna og námsefnis. Þessar áætlanir eru unnar upp úr skólanámskrá skólans og birtast á svæði nemenda á mentor.

Stærðfræði - 10. bekk

Mikil áhersla er lögð á að nemendur öðlist hæfni í stærðfræði þar sem hún er grunnur undir annað nám bæði á þessu skólastigi og einnig síðari skólstigum. Leitast er við að veita nemendum tækifæri til að vinna með þau svið stærðfræðinnar sem tiltekin eru í Aðalnámskrá grunnskóla þ.e. Tölur og reikning, Algebru, Rúmfræði og mælingar og Tölfræði og líkindi. Skólaárinu er skipt niður í þrjár annir og við upphaf hverrar annar eru sett fram hæfniviðmið og vægi námsþátta sem unnið verður að á önninni, þá er einnig gefið út hvernig þessir þættir verði metnir. Þessar áætlanir eru unnar út frá hæfniviðmiðum í bekkjarnámskrá og má nálgast á svæði nemenda í Mentor. Önninni er skipt niður í námslotur og í upphafi hverrar námslotu fá nemendur áætlun um það sem á að vinna og hvenær því á að vera lokið. Í lok hverrar lotu er námsmat þar sem kannað er hvort nemendur hafi náð að tileinka sér það sem unnið var með. Í stundatöflu nemenda eru skráðar 5 kennslustundir á viku í stærðfræði. Mikilvægt er að fylgjast vel með öllu heimanámi á Mentor.

Smíði í 10. bekk – 6 kennslustundir á viku. Kennt er í um það bil 8 vikna lotum.

Lögð er áhersla á að nemendur kynnist helstu verkfærum smíðastofunnar, hömrum, sögum, sandpappír, reglustikum, tommustökkum, þjöllum, borum og borvélum.

Auk þess fá nemendur að nota flóknari verkfæri eins og stingsagir, hefla og stærri sagir.

Einnig læra nemendur mismunandi yfirborðsmeðhöndlun eins og að mála eða lakka hluti.

Nemendur kynnast mismunandi samsetningum eins og lími, vírum, nöglum, skrúfum og böndum.

Hver árgangur fær skylduverkefni sem allir klára og að því loknu fá nemendur að spreyta sig á öðru og láta þá ímyndunaraflið ráða. Leitast er við að fá nemendur til að taka sem mestan þátt í sköpunarferlinu sjálfir og þeir hvattir til að fara sínar eigin leiðir í sköpun og hönnun.

Unnið er eftir markmiðum aðalnámskrár grunnskóla og þeim markmiðum sem sett eru upp þar og í skólanámskrá Grunnskóla Hornafjarðar.

Námsmat fer fram alla önnina í formi símats og verkefni metin þegar þau eru tilbúin.

Myndmennt

Markmið

Menntagildi og hæfniviðmið í sjónlistum koma fram í Aðalnámskrá Grunnskóla köflum 21.1 – 21.4. Þau markmið sem mest áhersla er lögð á í 10. bekk eru að nemendur:

þjálfist í að vinna sjálfstætt og kynnist því að vinna verkefni frá upphafi til enda

fái útrás fyrir sköpunargleði

þjálfist í að tjá sig í gegnum myndlist

kynnist sögu listarinnar betur

þjálfist í að rýna í myndir

þekki og geti fjallað um mismunandi listastefnur og skoði mynddæmi af verkum sem unnin eru í anda ákvðinna stefna innan listasögunnar

kunni skissugerð og öðlist skilning á mikilvægi hennar sem eðlilegs hluta af vinnuferli

kynnist samtímalist í tvívídd og þrívídd

vinni þrívíð verk með mismunandi miðlum og þjálfist í að nota þá

þjálfist betur í grunni myndlistar

þjálfist í notkun hnífa við dúkristu

þjálfist í að tjá sig í gegnum myndlist

þjálfist í vinnu með hin ýmsu efni og áhöld

geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum

geri sér grein fyrir verðmæti efna og áhalda sem unnið er með hverju sinni

Myndmennt er valáfangi í 10. bekk. Viðfangsefni, námsþættir og kennslugögn fara eftir valáföngum. Valáfangar sem hafa verið í boði eru t.d. gifs, akrýlmálun, margskonar myndlist, listasaga og fleira.

Námsmat

Í símati verður tekið tillit til hegðunar, vinnusemi, vandvirkni, frumkvæðis,

sköpunargáfu, sjálfstæði, áhuga og umgengni.

Kláruð verkefni verða metin til einkunnar.

Textíll 10.bekkur

Markmið

Hæfniviðmið í textílmennt eru í kafla 21.12 í aðalnámskrá grunnskóla. Helstu atriði sem lagt er áherslu á í 10. bekk er að nemendur:

Beiti skapandi og gagnrýninni hugsun við hönnun og vinnu og sýni frumkvæði við val verkefna.

Beiti fjölbreyttum aðferðum við vinnu sína og kunni að nota áhöld greinarinnar við formun textílafurða.

Geti rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisfræði.

Nýti margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýninn hátt um efni sem tengist greininni.

Geti metið eigin verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem námsgreinin býr yfir.

Sýni frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði.

Textílmenn er valáfangi í 10. bekk. Viðfangsefni, námsþættir og kennslugögn fara eftir þeim áföngum sem eru í boði hverju sinni. Þeir áfangar sem hafa verið í boði eru t. d.: Þrjón og hekl, fatasaumur, þæfing og jólahugmyndir, smiðja með blönduðum aðferðum textíla og fleira.

Leiðir

Unnið er með fjölbreyttar kennsluáðferðir hverju sinni, munnlegar innlagnir, sýnikennsla, einstaklingskennsla, umræður, fyrirlestrar og fleira.

Námsþættir

Unnið er með ýmsa þætti textílmennar og er það misjafnt eftir þeim smiðjum sem í gangi eru hverju sinni. Lögð er áhersla á sköpun, frumkvæði og verklag nemenda við vinnu sína. Nemendur kynnast nýjum og gömlum aðferðum textílvinnu auk þess sem farið er í efnisfræði og unnið með munstur og munsturgerð.

Kennslugögn

Þau gögn sem tilheyra textílmenn eins og skæri, nálar, heklunálar, þrjónar og fleiri áhöld. Saumavélar, snið, sniðablöð og þau gögn sem tilheyra fatasaumi. Bækur og blöð.

Námsmat

Lykilhæfni grunnskóla er hluti af námsmati í textílmenn þar sem metnir eru þættir eins og sjálfstæði, iðni, ábyrgð, sköpun og fleiri þættir. Símat er notað við lykilhæfnina. Námsgreinin er metin sérstaklega. Nemendur gera sjálfsmat.

Enska 10. bekkur

Notast verður við kennsluefnið Spotlight 10, lesbók og vinnubók, sem grunnefni í enskukennslu 10.bekkjar í vetur. Lögð verður áhersla á að

nemendur læri að tileinka sér málfræðipekkingu sína og nota í töluðu og rituðu máli. Mikill tími fer í þjálfun í að beita málinu, í ritun, töluðu máli, lesskilningi og hlustun. Í Spotlight 10 er að finna mikið af áhugaverðum textum sem nemendur lesa og hlusta á. Í vinnubókinni er fjölbreytt úrval æfinga sem nemendur vinna í tengslum við textana, þar má finna lengri og styttri ritunaræfingar, hlustunar- og orðaforðaæfingar, æfingar í töluðu máli og málfræði.

Nemendur lesa tvær til þrjár léttlestrabækur á önninni og taka munnlegt próf úr þeim.

Eins og sjá má er lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir t.a.m. lestur í hljóði og upphátt, hlustun, áhorf, vinnubókarvinna, munnleg verkefni og kynningar ásamt lengri og styttri ritun. Einnig verður kennsla brotin upp með spilum og leikjum á ensku.

Nákvæmari útlistun á markmiðum, kennsluefni, yfirferð og námsmati er að finna í ítarlegri námsáætlun fyrir hverja önn inná mentor.is.

Skólaíþróttir -3 kennslustundir á viku

Íþrótt- og sundkennsla leggur áherslu á að nemendur fá tækifæri til að kynnast fjölbreyttum íþróttum og leikjum. Lagt er upp með að hreyfingin sé sem fjölbreyttust svo nemendur efli alhliða hreyfiproska sinn í gegnum leik og æfingar sem stuðla markvisst að velferð og vellíðan þeirra. Einnig er lögð áhersla á að efla heilbrigði nemenda ásamt því að efla heilsuvitund þeirra. Helstu þættir heilbrigðis sem áhersla er lögð á eru: hreyfing, jákvæð sjálfsmynd, næring, hvíld, andleg vellíðan, skapandi hugsun, jákvæð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra

Þessi áætlun eru unnin upp úr skólanámskrá skólans og birtast á svæði nemenda á mentor.

Fab Lab - unglingastig

Áfangalýsing: Kenndur verður áfangi sem þjálfar nemendur í ýmsum þáttum sem lúta að kunnáttu sem krafist er á 21.öldinni.

Markmið:

- ☉ Tölvustudd hönnun og framleiðsla, frá hugmynd til afurðar.
- ☉ Miðlun á verkefnum og hugmyndum
- ☉ Tölvukennsla og kennsla á hugbúnað.
- ☉ Notkun á tækjum sem tölvurnar stýra.
- ☉ Tengja við þekkingu sem fyrir er og auka þekkingu á framleiðsluferli, stærðfræði og tengdri þekkingu.

Hæfniviðmið

Nemandi getur:

- ☉ beitt helstu áhöldum og tækjum sem notuð eru í Fab Lab
- ☉ lesið og unnið eftir leiðbeiningum,
- ☉ þróað hugmyndir sjálfstætt og undir leiðsögn
- ☉ skilið og nýtt sér vinnuferli frá hugmynd til afurðar.
- ☉ metið og rökstutt vinnu sína á öllum stigum vinnuferilsins
- ☉ unnið sjálfstætt eftir verkaætlun sem hann gerir sjálfur, lagt mat á útfærslu og frágang eigin verka.
- ☉ hannað og teiknað og framleitt eigin afurðir

Námsmat: Byggist á verkefnavinnu og hæfniviðmiðum.

Tímar: 3 * í viku 80 mínútur í senn.

Tímar eru verklegir. Tímar eiga sér stað á 3.hæð vöruhússins. Nemendur munu geta unnið í verkefnum á opnunartíma Fab Labsins þar utan kennslustunda en þurfa að bóka tíma.

Kennsluefni:Notað verður kennsluefni útbúið af NMI, fyrst og fremst nýtt efni en eitthvað verður notað úr erlendum kennslubókum og af netinu

Menntun:

© Þjálfun í Fab Lab er byggð á því að vinna verkefni og læra af jafningjum; ætlast er til þess að þú takir þátt í skráningu og kennslu.

Nemandi er hvattur til þess að meta eigin vinnu.

Ábyrgð:

Þú berð ábyrgð á:

- © **Öryggi:** Að vita hvernig á að vinna án þess að skaða fólk og vélar
- © **Tiltekt:** Að skilja vinnustofuna eftir hreinni en þú komst að henni
- © Að aðstoða við viðhald, viðgerðir og tilkynningar um verkfærin og hráefnin

Fablab smiðja Sunna Guðmundsdóttir

Leiklist 9. –10. bekkur. Frá handriti á svið

Sett verðu upp leikrit. Sett verður upp leikrit. Unnið verður eftir skóla síðustu þrjár vikurnar.

1. vika farið yfir handritið lestur og tæknimál.
2. vika kastað í hlutverk, spunavinna með persónur í leikritinu, búningar, leikmynd ofl unnið. Tímarammar gerður fyrir verkefnið

3. vika æfingar á leikriti hefjast, þeir sem vinna með tækni vinna að uppsetningu og hljóðvinnu, búningar og leikmynd. Leikskrá og plakatvinna
4. vika æfingar á leikriti, þeir sem vinna með tækni vinna að uppsetningu og hljóðvinnu, búningar og leikmynd leikskrá og plakatvinna.
5. vika þeir sem vinna með tækni vinna að uppsetningu og hljóðvinnu, búningar og leikmynd þeirri vinnu á að vera lokið þegar hér er komið.
6. vika æfingar á leikriti, lýsing á leikriti hefst. Tæknivinna keyrð með þegar rennt er í gegnum leikritið. Ljósmyndir teknar.
7. vika rennt í gegnum leikritið (unnið fyrir utan stundatöflu) Leikskrá og plakat prentað og hengt upp. Auglýsingar í dreifingu.
8. vika rennt í gegn. Generalprufa, frumsýning. Unnið fyrir utan stundatöflu. Sýningar verða a.m.k. 3 talsins. Ef aðsókn er góð gætu þær orðið fleiri. Aðgagnseyrir verður notaður fyrir leikklúbbinn til áframhaldandi uppbyggingar.

Leiklist 9. –10. bekkur. Trúðleikur

Nemendur finna trúðinn í sjálfum sér. Allir eiga sinn innri trúð. Þeir sem velja þessa smiðju fara í grunnatriðin í trúðleik. Þar er leikurinn háður nokkrum reglum sem nemendur læra. Síðan eru búin til atriði sem farið verður með á leikskólana og sýnd þar eða verða flutt í Sindrabæ.

1. vika nemendur fá umfjöllun um trúða og hefðir í trúðleik.
2. vika samin atriði fyrir trúðleik
3. vika útbúnir búningar við hæfi
4. –7. vika æfingar og verkefnin fíniseruð

9. vika sýningar fyrir leikskólana og sex ára nemendur.

Leiklist 9. –10. bekkur. Semjum leikrit

Nemendur semja í hópi handrit að leikriti í gegnum spuna. Sem sýnt verður í lok smiðjunnar. Sýningin veltur alfarið á þeim nemendum sem standa að smiðjunni.

1. vika farið yfir mögulega spuna og áhugasvið hópsins fundið.
2. vika hlutverk, spunavinna með persónur í leikritinu, búningar, leikmynd ofl unnið. Tímarammar gerður fyrir verkefnið
3. vika æfingar á leikriti hefjast, þeir sem vinna með tækni vinna að uppsetningu og hljóðvinnu, búningar og leikmynd. Leikskrá og plakatvinna
4. vika æfingar á leikriti, þeir sem vinna með tækni vinna að uppsetningu og hljóðvinnu, búningar og leikmynd leikskrá og plakatvinna.
5. vika þeir sem vinna með tækni vinna að uppsetningu og hljóðvinnu, búningar og leikmynd þeirri vinnu á að vera lokið þegar hér er komið.
6. vika æfingar á leikriti, lýsing á leikriti hefst. Tæknivinna keyrð með þegar rennt er í gegnum leikritið. Ljósmyndir teknar.
7. vika rennt í gegnum leikritið (unnið fyrir utan stundatöflu) Leikskrá og plakat prentað og hengt upp. Auglýsingar í dreifingu.
8. vika rennt í gegn. Generalprufa, frumsýning. Unnið fyrir utan stundatöflu. Sýningar verða a.m.k. 3 talsins. Ef aðsókn er góð gætu þær

orðið fleiri. Aðgagnseyrir verður notaður fyrir leikklúbbinn til áframhaldandi uppbyggingar.

Leiklist 9. –10. bekkur

Götuleikhús

Nemendur fá grunnþjálfun í skipulagningu og vinnu í götuleikhúsi. Nemendur þurfa að vera tilbúnir til að vinna atriði sem sýnt verður á skólalóðinni. Nemendur búa sjálfir til atriðin sem sett verða upp og gera búninga og áhöld sem á að nota.

1. vika farið yfir tegundir götuleikhúsa og nemendur finna leiðir fyrir sjálfan sig í götuleikhúsinu.
2. vika farið í að móta atriði, hvernig þau gætu verið skrifaður rammi að vinnuferlinu og farið í gegnum skipulag. Á hverjum degi er farið í að æfa stultur. Nemendur fá sínar stultur heim til að vinna með. Eftir að fundið hefur verið stærð fyrir hann og skór verið festir á þær. Einnig þarf nemendi að vera búin að ná jafnvægi áður en það gerist.
3. vika atriðin æfð, fundin tónlist, æfðar stultur, byrjað á að vefja kyndla. Nemendur þurfa að vefja hver sinn kyndil. Æft er með vatni áður en farið er í olíuna. Þegar olían kemur inn þurfa allir að drekka eitt glas af mjólk. Síðan er æfður blástur.
4. vika farið að raða saman atriðum, stomp sett inn ef nemendur vilja. Tímasetja atriðin í röðinni æfingar. Búningar teknir inn.
5. vika æfingar og fíniserað, búningar fundnir, saumaðir lagfærðir.
6. vika æfingar og fíniserað.
7. vika æfingar og fíniserað sett inn smink fyrir þá sem vilja og búningar kláraðir.

8. Sýning fyrir skólann.

Námsmat í leiklist

Kennari metur nemendur bæði sem einstaklinga og hluta af hópnum. Hann metur hvernig nemandinn hlustar á aðra hópa og hvernig hann sem áhorfandi metur hvernig til hefur tekist. Nemendur meta eigið framlag: eigið verkefni, sjálfa sig sem hluta af hópi og nemendahópar meta sameiginlega vinnuna innan hópsins. Flestar matsaðferðir í leiklist eiga við á öllum stigum grunnskólans. Í lok smiðjunnar fá nemendur skjal sem staðfestir frammistöðu þeirra í leiklistinni.

Náttúrufræði Árgangur:

Kennari: Guðlaug Úlfarsdóttir

Hæfniviðmið

Geta til aðgerða

- ☉ Greint stöðu mála í eigin umhverfi og aðdraganda þess, í framhaldi skipulagt þátttöku í aðgerðum sem fela í sér úrbætur
- ☉ Tekið þátt í og útskýrt reynslu sína og niðurstöðu af þátttöku í aðgerðum sem varða náttúru og samfélag
- ☉ Tekið rökstudda afstöðu til málefna og komið með tillögur um hvernig megji bregðast við breytingum en um leið tekið mið af því að í framtíðinni er marga óvísst og flókið

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- ☉ Gert grein fyrir hvernig niðurstöður rannsókna hafa haft áhrif á tækni og atvinnulíf í nánasta umhverfi og samfélagi og hvernig þær hafa ekki haft áhrif

☉ Tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk- og tímaáætlun hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

☉ Unnið með samþætt viðfangsefni með vinnubrögðum náttúrugreina og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta tengdum náttúru, umhverfi, samfélagi og tækni

Vinnubrögð og færni

☉ Framkvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti og inni

☉ Geta lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt

☉ Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum

☉ Beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýnninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda

☉ Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur

☉ Gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum

☉ Dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn

Ábyrgð á umhverfinu

☉ Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru, sýnt umhverfinu umhyggju og rökrætt eigin skoðun á því,

☉ Skoðað og skráð atburði eða fyrirbæri sem snerta samspil manns og umhverfis, í framhaldi tekið virkan þátt í og gert tillögur um aðgerðir til úrbóta,

- ☉ Sýnt fram á getu til að vinna að umbótum í eigin sveitarfélagi eða í frjálsum félagasamtökum,
- ☉ Rætt af skilningi eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélags og tekið dæmi úr eigin lífi
- ☉ Tekið þátt í að skoða og skilgreina stöðu umhverfismála á heimsvísu og rætt um markmið til umbóta

Að búa á jörðinni

- ☉ Skipulagt, framkvæmt og gert grein fyrir athugunum á námsþáttum að eigin vali er varða búsetu mannsins á jörðinni
- ☉ Útskýrt og rætt ástæður náttúruverndar,

Lífsskilyrði manna

- ☉ Útskýrt hvað einkennir lífsskilyrði manna og hvað felst í því að taka ábyrgð á eigin heilsu
- ☉ Rökrætt umhverfismál frá ólíkum sjónarhornum, er tengjast vatni, vatnsnotkun og sjó
- ☉ Lýst hringrás efna og flæði orku í náttúrunni, útskýrt ljóstillífun og bruna og gildi þeirra

Náttúra Íslands

- ☉ Útskýrt hugmyndir um náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika

Heilbrigði umhverfisins

- ☉ Gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun
- ☉ Rætt á gagnrýninn hátt framleiðslu, flutning og förgun efna
- ☉ Sagt fyrir um þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

© Skýrt tengsl mannfjöldaþróunar við framleiðslu og dreifingu matvæla og þátt líftækninnar í þeim tengslum

Markmið

- Nemendur skilji mikilvægi hringferla í náttúrunni
- Nemendur átti sig á hve háðar lífverur eru hver annari og lífvana umhverfi sínu.
- Nemendur skilji hvernig eiginleikar erfast milli kynslóða.

Námsgögn

Maður og náttúra Ítarefni frá kennara

Leiðir

Áskoranir í náttúrufræðinámi eru margs konar og hæfni sem þarf til að takast á við þær krefst skipulagðrar vinnu en einnig skapandi ímyndunarafls. Nemendur þurfa að öðlast hæfni til að

fylgjast með, afla gagna, mæla og meta það sem fengist er við en jafnframt að tjá sig um reynslu sína, vinnuaðferðir og niðurstöður, Niðurstöður má setja fram og miðla á ýmsan hátt, hvort sem er munnlega, með aðferðum leikrænnar tjáningar, skriflega, með tölum og orðum, með aðstoð rafrænna miðla eða myndrænt. Mikilvægt er að þjálfarar nemendur í að fylgja fyrirmælum (sérstaklega í verklegum æfingum) nemendur þurfa að geta sett sér markmið t.d með því að búa sér til áætlun og geta metið stöðu sína að áætlun lokinni. Kennsluhættir náttúrufræði fela í sér hópvinnu þar sem kurteisi og jákvæðni í samskiptum, ásamt því að leggja sitt af mörkum, tjá sig skilmerkilega og hlusta á aðra er stór þáttur í að leysa verkefni. Nemendur þurfa að þjálfast í að sýna frumkvæði, færa rök fyrir máli sínu og vera skapandi við vinnu og lausn verkefna, en jafnframt gagnrýnin á eigin vinnu og

þær upplýsingar sem nýttar eru. Við upplýsingaöflun þarf að nýta mismunandi miðla, geta unnið úr upplýsingunum á gagnrýnninn hátt og miðlað til annara. Nemendur þurfa að læra að nýta tímann sinn vel og gefast ekki upp þótt verkefnin séu krefjandi. Mikilvægt er að nemendur þjálfist í að nálgast öll verkefni með jákvæðu hugarfari.

Námsmat

Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat. Megin tilgangur námsmats er að afla leiðbeinandi upplýsinga um námið og hvernig nemanda gengur að ná settum markmiðum. Mikilvægt er að matið sé byggt á fjölbreyttum aðferðum og feli í sér traustar heimildir um hæfni og leikni nemenda, auk þess að meta framfarir þeirra. Sérstök áhersla lögð á vinnubrögð, hópstarf og sjálfsmat.